

Erindisbréf

Málsnúmer 2601467

Um framkvæmdahóp um uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar. Hópurinn tekur við af framkvæmdahópi er skipaður var á liðnu kjörtímabili í framhaldi af fyrirbyggjandi lokaskýrslu starfshóps um nýjan golfvöll dags. 7. júlí 2025.

Hlutverk:

Hópurinn starfar í tengslum við það markmið að koma til framkvæmdar uppbyggingu nýs golfvallar í landi sveitarfélagsins.

Meginverkefni hópsins eru:

- Fylgja eftir tillögum og forsendum sem fram koma í lokaskýrslu starfshóps um nýjan golfvöll.
- Fylgjast með framgangi verkefnisins og gera reglulega grein fyrir stöðu þess.
- Koma að útfærslu framkvæmda- og fjárhagsáætlunar.

Framkvæmdahópurinn skal hefja störf þá þegar eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði ráðsins. Vinna með hliðsjón af meginverkefnum hópsins skal kynnt fyrir bæjarráði reglulega.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru haldnir eftir þörfum en formaður skal boða starfsmenn til fundar hverju sinni. Formaður skal jafnframt stýra skiptingum verkefna á milli starfsmanna hópsins og koma fyrir bæjarráð til kynningar á störfum.

Skipaðir eru 7 aðilar í framkvæmdahópinn:

- 3 fulltrúar frá meirihluta og þar af formaður starfshópsins.
- 2 fulltrúi frá minnihluta
- 1 frá Golfklúbbnum Keili.
- 1 frá Golfklúbbi Setbergs

Með hópnum starfa:

Sviðsstjóri umhverfis og skipulagssviðs
Sviðsstjóri fjármálasviðs
Íþrótt og tómstundafulltrúi

Mögulegt er að boða aðra starfsmenn eftir þörfum til verkefna framkvæmdahópsins.

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Samþykkt í bæjarráði þann 6. ágúst 2026.